



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

...við prentum!

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 14. maí 2008 – 20. tölublað – 4. árgangur

Veffang: vefur.is Sími: 512 5000 **visir**

Hlutafélög í fótboltanum
Hafa ekki skilað eigendunum peningum



ORF Líftækni
Græn stóriðja í Grindavík



Frístund Mariu Ellingsen
Útivist og leikhús



14



RÆKJUR Á FÆRIBANDI
Útflutt afla-
verðmæti
allra tegunda
nema skeldýra,
krabba og flat-
fisks jókst milli
ára samkvæmt
nýjum tölum
Hagstofunnar.

Samdráttur á föstu verði

Á síðasta ári nam verðmæti útfluttra sjávarafurða 127 milljarðum króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Verðmætaaukningin er 2,8 prósent frá fyrra ári. Sé framleiðslan hins vegar mæld á föstu gengi dróst hún saman um 2,3 prósent.

„Fluttar voru út sjávarafurðir að verðmæti 127,6 milljarða króna og jókst verðmæti þeirra milli ára um 2,6 prósent en dróst saman í tonnum um 6,3 prósent,“ segir jafnframt í frétt Hagstofunnar, en útflutt afurðaverðmæti allra aflattegunda nema skel- og krabbadýra og flatfisks jókst frá fyrra ári. „Af heildarútflutningi sjávarafurða fóru 80 prósent til Evrópska efnahagssvæðisins, 6,2 prósent til Norður-Ameríku og 6,1 prósent til Asíu.“

Fleiri en Seðlabankinn fá gert upp krónubréf

Viðskiptaráð Íslands gerir athugasemdir við frumvarp um breytingar á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Seðlabanki Finnlands annast uppgjör evrubréfa í haust.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Engin haldbær rök liggja til stuðnings einkaréttar Seðlabanka Íslands að annast efndalok greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafrén krónum. Þetta segir í umsögn Viðskiptaráðs Íslands um breytingar á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Lögum er verið að breyta til að lagaraminn heimili hér kauphallarviðskipti með hlutabréf í annarri mynt en krónum. Í kjölfar athugasemda Seðlabankans rétt áður en skrá átti hlutabréf Straums-Burðaráss í evrur síðasta haust var þeim áformum slegið á frest og vinna hafin við að kanna nauðsynlegar lagabreytingar. Breytt lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa á að afgreiða á Alþingi núna í vor. Í haust er svo stefnt að því að Seðlabanki Finnlands taki að sér lokauppgjör evrubréfaviðskipta í Kauphöllinni hér.

Viðskiptaráð gerir hins vegar athugasemd við að Seðlabankinn hafi eftir sem áður einkarétt á uppgjöri viðskipta bréfa í krónum. „Þessi einkaréttur er hvorki rökstuddur í greinargerð frumvarpsins né í tillögum nefndar viðskiptaráðherra frá 19. desember 2007. Um efndalok greiðslufyrirmæla eiga að gilda sömu reglur óháð þeirri mynt sem um ræðir og þannig ætti verðbréfamíðstöðvum hér á landi að vera gert kleift að annast öll efndalok.“

Þá bendir Viðskiptaráð á að þótt frumvarpið geri bara ráð fyrir umsagnarrétti Seðlabankans með uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum til Fjármálaeftirlitsins (FME) hafi bankinn í raun neitunarvald, því hann eigi jafnframt að gera tillögu að greiðslukerfi til ráðherra. Það muni bankinn ekki gera ef hann lýsi sig andsnúinn tilteknu greiðslukerfi. Viðskiptaráð leggur til að skýrðar verði fremur skyldur FME og Seðlabankans til samráðs vegna uppgjörsgleina verðbréfamíðstöðva. „Í ljósi einarðrar afstöðu Seðlabankans gegn uppgjöri sem og skráningu hlutabréfa tiltekinn fyrirtækja í erlendum myntum og



KAUPHÖLLIN FEGRUÐ Ekki er lítið verk að hreinsa glerhýsi þessa lands svo sem gluggavottarmenn fengu að reyna á Kauphöll Íslands fyrir skömmu.

MARKAÐURINN/STEFÁN

í ljósi hlutverks FME samkvæmt frumvarpi þessu“ kveðst Viðskiptaráð fremur telja að FME ætti að gegna formennsku í samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, fremur en Seðlabankinn líkt og kveðið er á um í lagabreytingafrumvarpinu. Nefnd þessi á að fjalla um samskipti þessara stofnana í tengslum við frágang viðskipta. „Nefndarformaður sem hefur engra hagsmuna að gæta í þeim samskiptum er betur til þess fallinn að auka trúverðuleika nefndarinnar,“ segir í álit Viðskiptaráðs.

Aðrir sem sendu inn umsagnir gera við það litlar athugasemdir. Samtök atvinnulífsins áréttu mikilvægi þess að „engar hömlur séu lagðar á skráningu og viðskipti með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum í erlendri mynt eða önnur verðbréf í erlendri mynt“.

Viðskiptanefnd Alþingis tekur í lok þessarar viku og byrjun næstu á dagskrá frumvarpið, en að sögn Ágústs Ólafar Ágústssonar, formanns nefndarinnar, er fastlega að því stefnt að Alþingi afgreiði breytingar á lögum fyrir sumarfrí.

Stöðugt álag á skuldatryggingar

Skuldatryggingaálag bankanna hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarna daga en það hefur sveiflast töluvert frá áramótum. Álag á skuldatryggingar Kaupþings til 5 ára stendur nú í 435 punktum, sem er 615 punktum minna en í lok mars þegar álagið náði hápunkti í 1.050 punktum. Álagið á sambærilegar skuldatryggingar Glitnis hefur lækkað um 585 punkta frá því sem mest var og er nú 415 punktar og álag Landsbankans hefur lækkað um 545 punkta frá því í lok mars þegar álag á 5 ára skuldatryggingar Landsbankans náði hápunkti í 800 punktum. Þessar upplýsingar koma fram í greiningu Glitnis.

Þar segir enn fremur að þessi lækkun skuldatryggingaálagsins bendi uppgjafar vogunarsjóða ætlað hafi að hagnast á skuldatryggingum banka í löndum þar sem líkur þykja á efnahagsskelli.

- bih

Peningamálin eru viðamest

„Ekki er óvarlegt að áætla að framtíðarfyrirkomulag peningamála okkar sé eitt stærsta einstaka viðfangsefni stjórnvalda núna og á næstu árum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra í grein sem hann skrifar í Markaðinn.

Ráðherra upplýsir að í haust verði kynntar niðurstöður rannsóknar nokkurra æðri menntastofnana hér á landi á áhrifum aukinnar notkunar erlendra mynta hér á landi. Hann segir jákvæð áhrif af Evrópusamstarfi drífa hér áfram umræðu um aðild að Evrópusambandinu. „Þessi umræða er og verður ásækin og undan henni komast stjórnvaldaflokkarnir ekki,“ segir hann.

- óká / Sjá síðu 10

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 16,3%*
- GBP 5,5%*
- DKK 4,2%*
- EUR 4,1%*
- USD 2,8%*
- CAD 3,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðeili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli (ACT/ACT) frá 1. apríl - 2. maí 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-1,7%	-28,0%
Bakkavör	-8,3%	-46,2%
Exista	-10,3%	-48,2%
FL Group	0,5%	-56,5%
Glitnir	0,3%	-23,2%
Eimskipafélagið	-0,8%	-40,3%
Icelandair	-0,5%	-21,8%
Kaupþing	-1,1%	-9,2%
Landsbankinn	-5,1%	-23,7%
Marel	4,2%	-9,1%
SPRON	-8,4%	-52,2%
Straumur	-6,0%	-29,9%
Teymi	-2,7%	-40,2%
Össur	0,4%	-2,8%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Sviarnir narta í Kaupþing á ný

Sænskir fjárfestar létu á sér kræla í hluthafahópi Kaupþings í gærmorgun en SEB Enskilda-bankinn var fyrir hádegði í gær skráður kaupandi bréfa í nítján viðskiptum fyrir rúmar 260 milljónir íslenskra króna. Meðalverð var 800 krónur á hlut.

Sviarnir hafa löngum birst í röðum kaupenda hjá Kaupþingi þegar gengi bréfanna lækkar en sá sænski var síðast skráður fyrir teljanlegu magni bréfa í bankanum á fimmtudag í síðustu viku þegar hann keypti fyrir 190 milljónir króna á meðalgenginu 800 krónur á hlut. Til undantekninga heyrir að Enskilda birtist í hópi seljenda að Kaupþingsbréfum.

Sænski bankinn keypti hlutabréf Kaupþings fyrir 850 milljónir króna í kjölfar mikillar lækkunar í enda mars. Gengið rauk upp um 20 prósent í kjölfarið. Ekki var vitað hvort bankinn væri að kaupa



ÆÐSTU STJÓRNENDUR KAUPÞINGS Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, ræðir málin við forstjórnann, Hreiðar M. Sigurðsson.

MARKAÐURINN/GVA

bréfin fyrir eigin reikning enda verði lágt. Þó útlökuðu viðmælendur Markaðarins þá ekki að norrænir skortsalar hafi verið að loka stöðum sínum eftir niðursveiflu dagana á undan.

- jab

Þrýsta á stuðning

Bandaríski bankinn Morgan Stanley segir útlitið ekki sérstaklega gott fyrir Kaupþing og hefur lækkad verðmat sitt á bankanum. Bankinn segir nauðsynlegt að stjórnvöld sýni í verki stuðning við bankana.

Morgan Stanley segir ytra umhverfi fyrirtækja hafa versnað til muna á árinu og muni það hafa áhrif á tekjur Kaupþings.

Bankinn telur markgengi bréfa Kaupþings nema 55 sænskum krónum á hlut, jafnvirði rúma 729 íslenskra króna á hlut. Það er þrjátíu prósent lækkun frá síðustu spá.

- jab

Ástæða til að hlusta

„Joe Stieglitz er hagfræðingur í fremstu röð. Þegar hann tjáir sig er ástæða til að leggja við hlustir. Hann er þó ekki óskekull frekar en aðrir. Það er hægt að fallast á mjög margt sem hann segir í þessari grein um verðbólgu- og peningastefnu seðlabanka yfirleitt,“ segir Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands. Hann bætir því raunar við að sumt í grein Stieglitz þarf nánari skoðunar.

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stieglitz segir í nýlegri grein í Fréttablaðinu, að verðbólgu- og peningastefnu seðlabanka yfirleitt,“ segir Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands. Hann bætir því raunar við að sumt í grein Stieglitz þarf nánari skoðunar.

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stieglitz segir í nýlegri grein í Fréttablaðinu, að verðbólgu- og peningastefnu seðlabanka yfirleitt,“ segir Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands. Hann bætir því raunar við að sumt í grein Stieglitz þarf nánari skoðunar.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskólann, segir greinina áhuga-verða en hún fjalli einkum um þróunarríki. Það kunni að vera rétt að í þróunarlöndum þýði lítið að hækka stýrivexti vegna hrávoruvershækkana. „En vandinn sem við stöndum frammi fyrir héraðs er af allt öðrum toga. Það er því ekki hægt að heim-



ADALHAGFRÆÐINGURINN OG BANKASTJÓRNINN Arnór Sighvatsson og Davíð Oddsson framfylgja verðbólgu- og peningastefnu seðlabanka. Joseph Stieglitz vill afnema verðbólgu- og peningastefnu seðlabanka. Íslenskir hagfræðingar segja hann ekki óskekulan og að óvíst sé að hugmyndir hans eigi við hér. Þó sé ástæða til að hlusta.

MARKAÐURINN/STEFAN

færa greiningu Stieglitz beint upp á Ísland. Það er þó engu síður brýn þörf á að skoða það af alvöru héraðs hvort himinháir og hækkanði stýrivextir séu bestu viðbrögðin við þeim vanda sem hagkerfið stendur frammi fyrir.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans að senn yrði tímabært að meta reynsluna af peningastefnunni og hvort það sem þar er stuðst við sé heppilegt til framtíðar.

- ikh

Samvinnusjóðurinn verður stærstur í Gift

„Sjóður hinna dauðu“ og Sambandið verða væntanlega stærstu hluthafarnir í fjárfestingarfélaginu Gift. Frumvarp um slit Samvinnutrygginga verður til í mánuðinum. Þeir sem ekki sætta sig við niðurstöðuna geta leitað til dómstóla.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Við látum ekkert uppi um þetta, en Samvinnusjóðurinn verður mjög stór,“ segir Kristinn Hallgrímsson, formaður skilanevndar Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga um skiptingu hluta í fjárfestingarfélaginu Gift.

Hann bendir jafnframt á að Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) hafi löngum verið stór viðskiptavinur Samvinnutrygginga, og þannig eignast hlut í félaginu. „Þetta verður líklega stærsta almenningshlutafélag landsins,“ segir Kristinn Hallgrímsson, en hann reiknar með því að hluthafar verði um fimmtíu þúsund.

Ákveðið var um mitt ár í fyrra að slíta Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum og stofna fjárfestingarfélagið Gift, sem tekur við eignum þess og skuldum. Jafnframt var þá skipað þriggja manna skilanevnd, sem meðal annars á að búa til lista yfir hluthafa félagsins.

Samkvæmt samþykktum Eignarhaldsfélagsins, sem virðist vera eina regluverkið sem gildir um félagið, áttu tryggingatakar skilyrtan eignarhlut í félaginu. Við slit þess eignast þeir sem tryggðu hjá félaginu á tilteknu tímabili, hlut í Gift.

Flestir bjuggust við því að gengið yrði frá málinu síðasta haust, en það hefur tafist. Nú segir Kristinn Hallgrímsson, formaður skilanevndarinnar, að frumvarp um slit félagsins verði tilbúið öðru hvoru megin við næstu mánaðamót. Skilanevndin hafi þá þegar fjallað um ýmis vafamál og væntanlega líði svo einn og hálfur mánuður til viðbótar áður en hluthafalisti verði gefinn út. „Fólk getur á þessu tímabili gert athugasemdir við frumvarpið. Skilanevndin fjallar svo um ágreiningsmál og færir rök fyrir því hvers



FRÁ AÐALFUNDI SAMVINNUSJÓÐSINS Sjóðurinn verður stærstur hluthafa í fjárfestingarfélaginu Gift sem á stóra hluti í nokkrum af helstu fyrirtækjum landsins.

MARKAÐURINN/GVA

vegna tekið er tillit til þeirra eða ekki,“ segir Kristinn. Sætti fólk sig ekki við niðurstöðuna í lokagerð frumvarpsins geti það borið málið undir dómstóla.

Áður hefur komið fram í Markaðnum að líklega verði Samvinnusjóðurinn og SÍS samanlagt með meirihluta í félaginu.

Í Samvinnusjóðinum, sem verður stærsti hluthafinn, hafa runnið skilyrt eignarréttindi þeirra sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum, en féllu frá, hættu að tryggja eða urðu gjaldþrota. Æðstu menn í fyrirtækinu kalla Samvinnusjóðinn „sjóð hinna dauðu“ í léttara hjali sín á milli. Stjórnarformaður sjóðsins er Finnur Ingólfsson.

Auk þess má ætla að SÍS og ýmis fyrirtæki sem því tengdust verði í hópi stærstu hluthafa.

Meðal helstu eigna Giftar eru ríflega fimm prósent hlutur í Exista, 3,6 prósent hlutur í Kaupþingi og óbeinn tæplega fjórðungs eignarhlutur í Icelandair, í gegnum Langflug ehf. sem Gift á ásamt Finni Ingólfssyni.

SAMSTÆÐUR HLUTAFÉLAGA



Bókin er samfelld lýsing á þeim reglum sem gilda um samstæður hlutafélaga og einkahlutafélaga, þegar tengsl þeirra eru með ákveðnum og nánnum hætti, nánar skilgreind í löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög og einnig í sérbyggjög.

Tengd félög starfa oft náið saman, ekki aðeins á vettvangi hlutafélagaréttar, heldur einnig t.d. í samkeppnis- og skattalegu tilliti. Þá gerir verðbréfalöggjöfin ráð fyrir því að sérstakar reglur gildi um félög sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamörkuðum. Samhengi samstæðna er rakið samkvæmt reglum félagaréttar, samkeppnislaga, laga um ársreikninga, laga um fjármálafyrirtæki, laga um verðbréfavískipti og laga um tekjuskatt.

Höfundurinn er prófessor við lagadeild H.Í., á langan ritferil að baki á sviði löggjöf og hefur sámið ýmis grundvallarrit, m.a. ritið *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir* sem Bókmenntafélagið gaf út 2003 og stýður hina nýju bók *Samstæður hlutafélaga*.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Stílbrot í skattlagningu

Ríkisskattstjóri segir það stílbrot í skattlagningu að söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls. Slíkt er lagt til í frumvarpi fjármálaráðherra til breytinga á lögum um tekjuskatt.

Fram kemur í minnisblaði ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanevndar Alþingis, að verði tiltekin starfsemi skattfrjáls, þá gangi það gegn meginreglu.

Samkvæmt frumvarpinu verður kostnaður sem til fellur við öflun hinna skattfrjálsu tekna frádráttarbær frá öðrum skatti. Þetta segir ríkisskattstjóri að sé líka stílbrot.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að með þessu sé gengið lengra en í Hollandi og Noregi.

Meirihluti efnahags- og skattanevndar, fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Framsóknarflokks, segir það hafa getað valdið vandræðum í skattframtækni að aðilar fengu ekki

að draga frá kostnað. Þá er málinu til stuðnings vísað til breyttra efnahagsaðstæðna, alþjóðavæðingar, skattasamkeppni milli ríkja og þess að söluhagnaður hafi hingað til litlu skilað í ríkissjóð.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að söluhagnaður verði skattfrjáls og sömu leiðis að kostnað við öflun slíkra tekna megi draga frá öðrum tekjum við skattgreiðslur.

Vinstri græn og Frjálsyndir taka undir það og gagnrýna að meirihluti efnahags- og skattanevndar hafi virt að vettugi sjónarmið verkalyðshreyfingarinnar, en breytt frumvarpinu í takt við óskir fjármálafyrirtækja.

Frumvarpið á eftir að fara í gegnum þriðju umræðu áður en



PÉTUR BLÖNDAL

Formaður efnahags- og skattanevndar vill að söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls og telur erfið að greina að kostnað vegna söluhagnaðar og annan rekstrarkostnað.


greidd verða um það atkvæði.

Frumvarpið tók nokkrum breytingum eftir aðra umræðu í þinginu, en í greinargerð með upphaflega frumvarpinu segir að íslensk félög hafi í einhverjum mæli flutt eignarhald sitt á hlutabréfum yfir í dótturfélög sem staðsett eru í ríkjum þar sem skattlagning á söluhagnaði sé talin mun hagstæðari en hér á landi. Þar

eru nefnd Holland og Noregur. Markaðurinn hefur upplýst að stór hluti innlends eignarhalds í stærstu félögum sem skráð eru í Kauphöllina, sé geymdur í erlendum félögum, einkum í Hollandi. Framtalinn söluhagnaður í fyrra nam yfir 300 milljörðum króna.

- ikh

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, trausta fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, trausta fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

Tchenguiz bætir á krúsina

Fasteignamógullinn Robert Tchenguiz jók við hlut sinn í bresku kráarkeðjunni Mitchells & Butlers í síðustu viku og situr nú á 26 prósentum bréfa í keðjunni. Breska dagblaðið Telegraph sagði um hvítasunnuhelgina að seljendur hlutarins hafi verið Kaupþing í Bretlandi en bankinn hefur stutt við fjárfestingar Tchenguiz í gegnum tíðina.

Fjöldi fjárfestingarfélaga hefur verið orðaður við kaup á kráarkeðjunni, sem hefur átt við mikla rekstrarörðugleika að stríða síðustu miss-

erin í kjölfar mislukkaðra afleiðusamninga sem stuðla áttu að bættum hag hennar. Gangi víðræður eftir þykir líklegt að tæpur þriðjungur verði seldur utanaðkomandi fjárfesti.

Tchenguiz er sagður hafa greitt um 337 pens á hlut fyrir prósentin þrjú og jafngildi það 40,4 milljónum punda, 6,2 milljörðum íslenskra króna. Telegraph segir hann hafa tapað á fjárfestingu sinni í kráarkeðjunni og bendir á að fyrir tíu mánuðum hafi gengið staðið í 800 pensum á hlut.

- jab



Verðbólga eykst í Bretlandi

Verðbólga mældist þrjú prósent í Bretlandi í síðasta mánuði, samkvæmt útreikningum Bresku hagstofunnar, sem birtir voru í gær. Verðhækkunar á eldsneyti og matvælum skýra hækkunina að langmestum hluta. Þróunin bindur hendur Englandsbanka og þykir ólíklegt að hann lækki stýrivexti í bráð, að sögn breska dagblaðsins Telegraph.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,8 prósent á milli mánaða. Líklegt þykir að hún geti aukist frekar en breska gasfélagið Centrica sagði í vikubyrjun að útséð væri með að viðskiptavin-

ir yrðu að kafa dýpra í vasa sína á næstunni.

Bláðið bendir jafnframt á að verðbólga hafi ekki verið jafn mikil í Bretlandi síðan snemma á síðasta ári. Þá rauf hún reyndar þriggja prósentustiga múrinn og varð Mervyn King seðlabankastjóri að skrifa Gordon Brown, þáverandi fjármálaráðherra, bréf og gera grein fyrir þróun mála og ástæðum þess að verðbólga hafi farið úr böndunum. Þá hefur bláðið eftir King að hann útiloki ekki að verðbólga eigi enn eftir að aukast á næstunni.

- jab



BRESKI SEÐLABANKASTJÓRINN Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, óttast að verðbólga eigi enn eftir að aukast. Hún mældist 3,0 prósent í síðasta mánuði.

MARKAÐURINN/AFP

Jarðskjálfti skók markaði

Kauphallir í Kína stöðvuðu viðskipti með hlutabréf í 45 fyrirtækjum þar í landi í gær. Fyrirtækin eru öll í Sichuan-héraði í suðvesturhluta landsins og nágrenni þar sem jarðskjálfti upp á 7,9 á Richter reidi yfir á mánudag. Óttast er að allt að tíu þúsund manns hafi farist í hamförum.

Óttast var að gengi hlutabréfa í þeim fyrirtækjum sem starfa í Sichuan-héraði myndi falla á kínverskum hlutabréfamarkaði og var því ákveðið að loka fyrir viðskipti með þau tímabundið, að sögn Associated Press-fréttastofunnar.

Gengi hlutabréfa lækkaði almennt lítillega í Kína í gær. Á sama tíma hækkaði gengi bréfa



FRÁ BJÖRGUNARSTARFI Viðskipti voru stöðvuð í gær með bréf fyrirtækja sem starfa í Sichuan-héraði í Kína.

MARKAÐURINN/AFP

í fyrirtækjum sem framleiða vinnuvélur í Japan um allt að átta prósent en reiknað er með því að eftirspurn eftir slíkum tækjum muni aukast mikið þegar hreinsun og uppbyggingarstarf hefst af krafti í Sichuan-héraði.

- jab

Grænlandingar veiða bandaríska fjárfesta

Grænland kann síðar að spila stóra rullu í hagkerfi heimsins. Hlýnun jarðar færir landinu tækifæri sem hér finnast ekki.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Í nýlegum leiðara stórblaðsins The Times er fjallað um að Grænland kunnir þegar fram líða stundir að vega þungt í heimshagkerfinu og þeirri spurningu velt upp hvort landið, fái það sjálfstæði, halli sér fremur að Evrópu eða Bandaríkjunum.

Tilfni þessara vangaveltna er nýleg ferð forsvarsmanna Greenland Venture, fjárfestingarfélags grænlandsku heimastjórnarinnar, til fundar við fjárfesta í Bandaríkjunum.

Í danska blaðinu Berlingske Tidende er fjallað um breytingar í Grænlandi og bent á að í nóvember verði þar í landi kosið um sjálfstæði. Vinna við að gera Grænland minna háð Danmörku sé hins vegar löngu hafin.

Í Bandaríkjunum var mestu púðri eytt í að kynna ferðamanna- og hótélverkefni undir heitinu Igloo Mountain Resort, en um leið er leitað félaga til samstarfs í margvíslegum iðnaði. Nýjustu fregnir herma til dæmis að auknar líkur séu á að Alcoa byggi risaálver í Maniitsoq í Grænlandi.

Að auki sjá Grænlandingar tækifæri í hlýnun jarðar því með bráðnun jökla vænkast hagur þeirra sem kunna að vinna þar úr jörðu olíu og gas, auk verðmætra málma á borð við gull, platínu, demanta, blý, sink og kol.



ERFIÐAR AÐSTÆÐUR Hlýnun jarðar felur í sér möguleika til aukinnar jarðvinnslu og leitarskilyrði batna á Grænlandi eftir því sem jöklar hropa. Þetta er meðal þess sem Grænlandingar benda fjárfestum á þessa dagana.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við eðlisfræðiskor raunvísindadeildar Háskola Íslands, segir Grænland og Ísland ólík hvað varðar tækifæri tengd hlýnun jarðar. „Á Grænlandi er berg sem er frá því að vera sextíu milljóna ára gamalt hérna næst okkur upp í að vera fjögurra milljarða ára gamalt. Þvess vegna eru allar líkur á að töluvert sé af málmum og slíku í Grænlandi. Og eftir því sem jökullinn leysir og hann minnkar batna aðstæður við námavinnsluna. En hér búum við í mjög ungu landi og því nánast útilokað að í landgrunni Íslands geti til dæmis fundist olía í því magni að skipti nokkru einasta máli,“ segir hann.

Íslandsvinir skoða skó

Stjórndendur bresku íþróttavöruslunarinnar JJB Sports eru sagðir komnir í skotskóna og íhugi að kaupa bresku skókeðjuna Qube.


Gangi þetta eftir má segja að Íslendingar og Íslandsvinir mætist á vellinum. Exista hefur átt 29 prósent hlut í JJB Sports frá í fyrra ásamt Chris Ronnie, forstjóra keðjunnar, en skoski auðkýfingurinn Sir Tom Hunter á Qube. Hunt-

er á sömuleiðis helmingshlut í Jötunn Holding með Baugi og Fons, sem situr á tæpum fimm prósentum í Glitni. Þá er samband á milli Hunters og Ronnies en sá síðarnefndi var á launaskrá hjá íþróttavörusluninni Sports Division fram til ársins 1998 þegar JJB Sports keypti keðjuna af Hunter.

Exista vildi ekki tjá sig um málið að sinni þegar eftir því var leitað í gær.

- jab

OPUSallt



Ópusallt er ein þróaðasta viðskiptalausnin á markaðinum í dag – en byggir á aldarfjórðungs reynslu af íslenskum aðstæðum. Ópusallt er öflug lausn fyrir fyrirtæki sem hafa þörf fyrir sveigjanlegt sölu- og birgðakerfi, gott verkþókhald auk allra almennra eiginleika góðrar og reyndrar viðskiptalausnar.

www.opusallt.is/kynning

Ópusallt er einfalt



Samræmt viðmót ...

Samþætting upplýsingakerfa í eitt viðmót

Með portallausnum Nýherja er hægt að samþætta ólík upplýsingakerfi fyrirtækisins og veita aðgang að þeim í einu samræmdu viðmóti. Afraksturinn er einfaldari viðskiptaferlar og skilvirkara upplýsingaflæði innan sem utan fyrirtækisins. Hver notandi hefur sérsniðið viðmót sem veitir aðgang að verkferlum og upplýsingum eftir þörfum hvers og eins. Þetta hefur í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavini.

"IBM WebSphere Portal myndar grunn að framtíðarvinnuumhverfi starfsmanna Icelandair. Okkur hefur þegar tekist að auka aðgengi starfsfólks að mikilvægum upplýsingum og þannig aukið starfsánægju og skilvirkni í upplýsingaflæði innan fyrirtækisins."

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.



NÝHERJI

Græna smiðjan fékk eldskírn í vetur

ORF Líftækni opnaði fyrir helgina hátæknigróðurhúsið Grænu smiðjuna í Grindavík. Þar er í 2.000 fermetra byggingu ræktað erfðabreytt bygg, en það er notað til að framleiða prótein sem svo er selt í lyfjagerð og rannsóknir. Óli Kristján Ármannsson var viðstaddur opnunina og tók tali einn stofnenda fyrirtækisins, Björn Lárus Örvar framkvæmdastjóra. Tæknin sem notast er við er einstök í heiminum og hefur vakið mikla athygli, enda með þessum hætti hægt að framleiða prótein á ódýrari og öruggari hátt en áður hefur verið gert. Fyrirtækið er þegar langstærst í Evrópu og enginn í heimi með fleiri prótein í framleiðslu.

ORF Líftækni opnaði fyrir helgina hátæknigróðurhúsið Grænu smiðjuna í Grindavík. Þar er framleitt erfðabreytt bygg sem notað er til að búa til svokölluð sérvirk prótín en þau eru svo seld í lyfjaframleiðslu, lyfjaþróun og rannsóknir.

Gróðurhúsið er einstakt í heiminum og framleiðslan þar að mestu leyti sjálfvirk. Björn Lárus Örvar, sameindaerfðafræðingur, framkvæmdastjóri og einn stofnenda ORF Líftækni, segir að byggplönturnar séu ræktaðar í næringarlausn á sérhönnuðu færbandi þar sem öll vinnsla er að mestu sjálfvirk. Hitastigi, birtu og raka er svo stjórnað nákvæmlega til að allar aðstæður til ræktunar séu sem bestar. Gríðarlega orku þarf jafnframt til ræktunarinnar, en Græna smiðjan fær bæði rafmagn og heitt vatn frá orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

JÁKVÆÐ GRÓÐURHÚSAÁHRIF

Björn Lárus segir Grindavík því að nokkru kjörinn stað fyrir gróðurhúsið. „Við vildum náttúrulega vera nálægt orku, bæði jarðhita og vatni. Svo er hér jarðnæði mjög gott og Grindavíkurbær strax mjög velviljaður þessu verkefni.“ Þá er fleira unnið með því að vera hér með framleiðslu á erfðabreyttu bygg, því það lifir ekki af í náttúrunni hér og því engin hætta á smiti. Erlendis segir Björn líka að þurfi að verjast margvíslegum pestum sem herji á bygg, auk þess sem í heitari löndum þyrfti að kæla niður húsnæðið sem sé í raun mun dýrara en að kynda það.

Grænu smiðjuna segir Björn Lárus hins vegar þegar hafa fengið eldskírn sína í vetur. „Bæði slógu stormar og fannfergi öll fyrri met, auk þess sem jarðskjálftar riðu yfir, en Græna smiðjan stóðst þessa ágjöf með þryði.“ Björn Lárus segir grínast með að Grindvíkingar hafi í vetur fengið að kynna gróðurhúsaáhrifum að eigin raun, en vonast til að gróðurhúsaáhrif ORF Líftækni felist fremur í aukinni uppbyggingu og hagsæld. Hjá fyrirtækinu starfa nú rúmlega tuttugu manns, en



FRAMLEIÐSLAN Byggið sem notað er í próteinframleiðslu ORF Líftækni í Grænu smiðjunni er sömu tegundar og notað er í framleiðslu á finustu maltvískium veraldar. Úr hálfu kíló af fræjum, af einum fermetra færbandi, voru framleiddir tveir þúsundustu hlutar úr grammi vaxtarþáttar, sem svo seldist á þrjár milljónir króna. Þar fær ORF Líftækni trúlega meira úr sínu bygg en viskíframleiddandinn.

MARKAÐURINN/STEFÁN

með auknum umsvifum og próteinhreinsiverksmiðju sem til stendur að byggja er áætlað að til verði fjöldi starfa til viðbótar hjá fyrirtækinu.

„Við notum byggið og erfðatæknina til að finnhreinsa og framleiða það sem við köllum sérvirk prótein, en það eru svokallaðir vaxtarþættir sem upprunalega eru úr manningum,“ segir Björn Lárus, en vaxtarþættir þessir segir hann að gegni mikilvægu hlutverki í líkamanum, svo sem við frumuskiptingu og -sérhæfingu, og hafi þar af leiðandi mikið verið notaðir í rannsóknum. „Meðal annars stofnfrumrannsóknnum, krabbameinsrannsóknnum og ónæmisfræðum, auk þess sem þeir eru notaðir í lyf.“ Prótein þessi segir hann hins vegar mjög erfitt að framleiða og tæknin sem notast hafi verið við sé mjög dýr og þess eðlis að ekki takist alltaf vel til við framleiðsluna. „Við höfum því undan-

farin ár unnið að nýju kerfi og erum búin að framleiða og setja á markað fyrstu tíu vaxtarþættina.“

Framleiðsla ORF Líftækni er mjög sérhæfð og segir Björn Lárus aðstandendur fyrirtækisins bjartsýna á framhaldið, enda sé mikill áhugi á afurðum þess. Hann segir þegar hafa verið töluvert lagt í markaðs- og sölustarf og verði enn bætt í á þeim sviðum á næstu misserum. „Við erum hins vegar með mjög óvenjulega vöru sem náð hefur mikilli athygli á markaði. Vaxtarþættir okkar eru til dæmis það sem kallast er „biorisk-free“ og innan geirans skilja menn hvað átt er við með því.“ Hefðbundin framleiðsla fer fram í bakteríum eða spendýrafrumum, en byggið er alveg laust við lífræna smitun sem fylgt getur slíkrri framleiðslu. Auk þess segir Björn byggframleiðsluna bjóða upp á að hægt sé að stýra framleiðslumagninu betur og sníða

að þörfum einstakra viðskiptavina. Þegar hefur verið samið um fyrstu sölu. Hann talar um framleiðsluna sem „græna stór-iöju“ en 2.000 fermetra byggingin sem nú hefur verið tekin í notkun er einungis fyrsti áfangi starfseminnar.

ENGINN MEÐ FLEIRI PRÓTEIN

Töluverðu hefur verið til kostað að koma fyrirtækinu á laggirnar og framleiðslunni af stað, en félagið, sem er hlutfélag, var stofnað árið 2000. „Sjálfsagt hefur verið lagt í þetta á fjórða hundrað milljóna í hlutfé og svo höfum við fengið mjög góða styrki frá Tækniþróunarsjóði og Rannís og það hefur haldið okkur á lífi í þessi ár.“ Tekjumöguleikarnir eru hins vegar afar miklir. Í opnunarræðu lýsti Björn Lárus því hvernig úr prufuhreinsun á fyrstu framleiðslunni í Grænu smiðjunni, tæpu hálfu kíló af fræjum, eða um það bil einum fermetra af færbandi gróðurhússins, hefðu verið búnir til tveir þúsundustu hlutar úr grammi eins vaxtarþáttar. „Það hljómar ekki sem mjög mikið, en verðmætið var á þriðju milljón króna,“ segir hann, en kaupandinn að fyrstu framleiðslunni var austurrískt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ræktun á naflastrengsstofnfrumum. „Verðmætastöpunin getur því numið átta til tíu milljónum króna á hvern fermetra færbandi á ári, miðað við fjórar kynslóðir byggs.“

Björn segir vonir standa til að sala fari nú að standa undir rekstri ORF Líftækni. „Og það ætti hún svo sannarlega að gera þegar líður á næsta ár. Og upp frá því sjáum við ekki fram á annað en að þetta fyrirtæki vaxi og dafni. Það er náttúrulega þegar langstærst sinnar tegundar í Evrópu og svo stærst í heimi hvað snýr að fjölda próteina í framleiðslu.“ Björn segir óráðið hvort ORF Líftækni verði félag skráð á markað, en áherslan í framleiðslunni sé fyrsta kastið á prótein til læknisfræðirannsóknna og svo séu í gangi viðræður um notkun framleiðslunnar í snyrtivöruiðnaði. „Svo er náttúrulega mikið verið að skoða þessa vaxtarþætti í lyfjaþróun og þar eru tækifærin mest.“



FYRSTA UPPSKERAN Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra skar fyrsta byggið í nýju hátæknigróðurhúsi ORF Líftækni fyrir helgina. Björn Lárus Örvar framkvæmdastjóri fylgisti með.

MARKAÐURINN/STEFÁN



GRÆNA SMÍÐJAN Hátæknigróðurhúsið ORF Líftækni stendur rétt utan við Grindavík, en lítill hætta er á að byggingin fari framhjá vegfarendum á vinstri hönd þegar þeir renna inn í bæinn.

MARKAÐURINN/STEFÁN



UNDIR GRÓÐURHÚSAÁHRIFUM Í Grænu smiðjunni fengu fjölmargir gestir opunarinnar fyrir helgi að reyna „gróðurhúsaáhrifin“ á eigin skinni, því innandyrnar var vel hlýtt.

MARKAÐURINN/STEFÁN



BJÖRN LÁRUS ÖRVAR Björn, sem er einn stofnenda og framkvæmdastjóri ORF Líftækni, var að vonum stoltur þegar hann kynnti gestum Grænu smiðjuna síðastliðinn fimmtudag.

MARKAÐURINN/STEFÁN

ELSKA AÐ GERA SAMA HLUTINN AFTUR OG AFTUR, ALLAN DAGINN

Ljósritunarvélarnar frá Konica Minolta eru einfaldar, hagkvæmar í notkun og krefjast lítills viðhalds. Þær prenta fyrir þig með miklum hraða og í fyrirtaksgæðum – og ólíkt öðrum á skrifstofunni eru þær alsælur með endurtaka sig alla daginn.



KONICA MINOLTA

BIZHUB C10

Litur: Já
Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu,
5 bls/mín í lit
Pappírsstærðir: A5-A4
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun,
skönnun, fax, email
Tilboðsverð: 99.900kr.



BIZHUB 131F

Litur: Nei
Afköst: 13 bls/mín
Pappírsstærðir: A6-A4
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun,
skönnun og fax, email
Tilboðsverð: 79.900 kr.



BIZHUB 163

Litur: Nei
Afköst: 16 bls/mín
Pappírsstærðir: A6-A3
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun,
skönnun, fax, email
Tilboðsverð: 175.000 kr.



Gengur stjórnin í leiðslu?

Ráðstefna á Grand Hótel, föstudaginn 16. maí frá kl. 14 – 17.

GRAND
HÓTEL
REYKJAVÍK
16. MAÍ

WWW.PWC.IS

WWW.BIFRÖST.IS

DAGSKRÁ

Setning og inngangsorð, Bryndís Hlökkversdóttir, aðstoðarrektr Háskólans á Bifröst.

Ávarp viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar.

David Austin, PwC UK - governance & public sector:
"Recent UK Public Sector Governance Developments - Checks and Balances".

Ástráður Haraldsson, hrl. og dósent í Lagadeild Háskólans á Bifröst:
"Rekstrarform ríkisrekstrar og réttarvernd opinberra starfsmanna".

Ragnar Þ. Jónasson, Fyrirtækjaráðgjöf PwC:
"Stjórnarhættir fyrirtækja - hvar erum við stödd? - Eiga sömu sjónarmið við um opinber og skráð félög? "

Panelumræður.

Samantekt og slit - Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.

Ráðstefnan fer fram á Grand Hótel þann 16. maí nk. milli kl. 14 og 17.
Ráðstefnustjóri er Ólöf Nordal alþingismaður.

RÁÐSTEFNA HÁSKÓLANS Á BIFRÖST OG PRICEWATERHOUSECOOPERS:

Stjórnarhættir hins opinbera og einkageirinn – gagnkvæmur lærdómur?

Háskólinn á Bifröst og PricewaterhouseCoopers leiða saman hesta sína og leita svara við spurningunni um hvernig stjórnarhættir séu ákjósanlegastir og hvort hið opinbera og einkageirinn geti lært hvort af öðru. Rætt verður um hvort æskilegt sé að stjórna opinberum fyrirtækjum með sambærilegum hætti og einkareknum. Þá verður velt vöngum yfir starfsumhverfi stjórnenda opinberra fyrirtækja, með hvaða hætti stjórnir séu skipaðar og hvort góðir

stjórnarhættir ráði ríkjum alla jafna. Hugað verður að nálægðinni við opinbert vald, svo sem stjórnálmenn, og spurt hvernig það endurspeglar í stjórnskipulagi og stjórnarháttum sem og hvaða áhrif stjórnsýslulög, sveitastjórnarlög og lög um opinbera starfsmenn hafi á stjórnarhætti.

Skráning fer fram á bifrost@bifrost.is, aðgangseyrir er 2000 kr., greiðist við innganginn. Allar nánari upplýsingar fást á www.bifrost.is og www.pwc.is.

Köttur úti í mýri ...

Stoke City er með þekktari knattspyrnufélögum enskum, að minnsta kosti hérlendis.

Íslendingar tóku rekstur félagsins yfir árið 1999 og ætluðu sér stóra hluti. Guðjón Þórðarson þjálfaði liðið og átti að rífa liðið upp um deildir.



ÞJÁLFARINN Guðjón Þórðarson gaf karamellur við hliðarlínuna á góðum degi. Nú eiga Íslendingar lítilla hagsmuna að gæta í Stoke.

Félagið Stoke Holding var stofnað utan um íslenska hluti og átti það sextíu prósent hlutafjár í félaginu. Ekki voru allar aðstæður hagfelldar, þótt knattspyrnan sem slík kunni að hafa batnað undir stjórn Íslendinga og ekki er því að neita að nokkur árangur náðist.

Stoke-ævintýrinu lyktaði hins vegar þannig fyrir réttum tveimur árum að íslenskir fjárfestar ákváðu að taka yfirtökutilboði eins stjórnarmanns í félaginu og hættu þar með afskiptum sínum af félaginu. Hermt var að menn hefðu ekki gengið neitt sérstaklega glaðir frá borði, að minnsta kosti ekki fjárhagslega.

Íslendingar eiga því ekki lengur neinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessu félagi. Taugar Íslendinga til félagsins nú eru af öðrum toga.



Hluthafarnir fengu ... en ekki í þessu

Rekstrarfélög sem stofnuð voru utan um rekstur knattspyrnudeilda fyrir tæpum áratug hafa ekki skilað en Breyttar reglur Knattspyrnusambands Evrópu hafa í för með sér að félögin sjálf verði að eiga meirihluta í Helgason leit á málið og komst meðal annars að því að sum félögin hafa eingöngu sinnt mannvirkjagerð

Boltinn rúllaði af stað núna um helgina en þá var leikin fyrsta umferðin í efstu deild meistaraflokks karla. Fjölmarginir, jafnvel flestir ef ekki allir sem þar leika, þiggja laun frá félögunum fyrir að spila knattspyrnu.

NOKKUR REKSTRARFÉLÖG

Þessi atvinnumennska hefur verið við lýði í þó nokkur ár, en fyrir um áratug tóku að spretta upp ýmis félög þar sem hugmyndin var meðal annars að nýta hlutafélagiformið til að styrkja rekstur og safna fé til að reka félögin. Kostnaður við rekstur meistaraflokkanna skiptir tugum milljóna króna á ári.

En hvernig standa þessi mál nú?

„Við stofnuðum þetta félag, GK '99, upphaflega utan um reksturinn á knattspyrnunni, en ekki mannvirkin, en síðan breyttist þetta snögglega,“ segir Jónas Þórhallsson, fyrrverandi formaður Ungmennafélags Grindavíkur.

Félag utan um rekstur íþróttafélags, öllu heldur knattspyrnudeild í efstu flokkum karla, var stofnað í Grindavík um síðustu aldamót. Þá

var þetta nokkur tíska, sem fyrr segir. Stofnuð voru félög vegna KR, Fram, Vals, Keflavíkur og Hattar á Egilsstöðum.

Þetta fyrirkomulag virðist í einhverjum tilvikum hafa skilað árangri, enda þótt markmiðin hafi í sumum tilvikum breyst eftir því sem liðið hefur á.

NÝJAR REGLUR

Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur sett nýjar reglur sem hafa í för með sér að hlutafélag sem séð hefur um rekstur íþróttafélags eða knattspyrnudeildar, þarf að vera í meirihlutaeigu íþróttafélagsins sjálfs.

Þessi nýja regla var sett inn í lög Knattspyrnusambands Íslands í febrúar í fyrra, en mun taka gildi um næstu áramót.

Eina félagið sem raunverulega þarf að gera breytingar vegna nýrra reglna er rekstrarfélag KR, KR-Sport.

ÁGÆTU HLUTHAFAR

Um 1.100 hluthafar eru í rekstrarfélaginu KR-Sport. Fram kemur í skýrslu stjórnar fyrir síð-

asta ár, en aðalfundur var haldinn snemma í vor, að á þeim áratug sem félagið hafi séð um rekstur meistaraflokks KR, hafi mikill árangur náðst. Félagið hafi fjórum sinnum orðið Íslandsmeistari og einu sinni bikarmeistari.

„Þessi árangur og regluleg þátttaka í Evrópukeppni sýnir hversu mikilvægt það var á sínum tíma að skipta upp rekstrinum og halda sérstaklega vel utan um þennan hluta rekstrarins. Hluthafar hafa því fengið töluvert fyrir það fjármagn sem þeir settu í félagið þó ekki hafi komið til sérstakra arðgreiðslna í formi peninga,“ segir Jónas Kristinsson, stjórnarformaður KR-Sport, í skýrslunni.

ÖNNUR MARKMIÐ

Jónas Þórhallsson í Grindavík sagði hér í upphafi, að félag utan um meistaraflokk karla hefði upphaflega verið stofnað um reksturinn. Fyrirmyndin að félaginu hafi verið KR-Sport og var tekið ríkt mið af lögum og samþykktum KR-Sport. „Það var meira að segja svo að KR-ingarnir kynntu sérstaklega fyrir okkur sitt fyrirkomulag,“ segir Jónas.



BOLTINN BYRJADUR
Leikmenn HK og FH eigast við. Rekstrarfélög voru stofnuð um meistaraflokka nokkurra liða. Þau eru enn starfandi. Sum liggja raunar í dvala en önnur þurfa að gera breytingar á sínum högum vegna nýrra reglna UEFA. MARKAÐURINN/VILHELM

fyrir honum. Við leggjum til fé til leikmannakaupa en síðan fáum við til baka ákveðið hlutfall af því sem félagið fær fyrir selda leikmenn," segir Rúnar, sem bætir því við að K-fjárfesting taki ekki þátt í launakostnaði leikmanna.

FÓRU GEYST AF STAÐ

Knattspyrnufélagið Fram hefur frá upphafi átt meirihluta í rekstrarfélaginu Fram, Fótboltafélagi Reykjavíkur. Nýjar reglur um eignarhald hafa því ekki áhrif þar.

Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri segir að reksturinn hafi gengið ágætlega síðustu ár, en í upphafi hafi hann gengið brösuglega, enda hafi verið tekið við erfiðu og skuldsettu búi. „Menn fóru nokkuð geyst af stað," segir hann.

Hann segir að félagið sjái alfarið um rekstur meistaraflokksins og annars flokks, og að þrátt fyrir að um hlutfélag sé að ræða, sé lítið á félagið sem deild í Fram.

Hluthafar í félaginu séu vel á annað hundrað. „Hingað til hafa engar arðgreiðslur verið. Það var reyndar ekki hugsað þannig í upphafi, heldur frekar að menn styrktu sitt félag, en kannski verður eitthvað í framtíðinni," segir Brynjar.

Hann segir félagið hafa tekjur sínar einkum af styrkjum fyrirtækja, en síðan komi eitthvað inn í aðgangseyri á völlinn.

Stór hluti rekstrarins eru leikmannakaup og launagreiðslur. „Ætli við höfum ekki verið með ríflega sjöttíu milljónir í gjöld samkvæmt rekstrarreikningnum í fyrra," segir Brynjar.

Í upphafi voru boðnir hlutir í félaginu fyrir þrjátíu milljónir króna.

Rekstrarfélagið er ekki aðili að nýlegum samningum við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á nýju félagssvæði við Úlfarsfell.

KR REIÐ Á VAÐIÐ

KR-Sport var stofnað um miðjan mars árið 1998. Hugmyndin var upphaflega að félagið ræki meistaraflokk karla í knattspyrnu og annan flokk karla.

Þá um haustið var ákveðið að breyta félaginu

úr einkahlutfélagi í eigu Knattspyrnudeildar KR, í hlutfélag.

Haldið var almennt hlutfjárútbóð þar sem boðið var hlutfélag fyrir fjörutíu og sex milljónir króna. Allt hlutfélag seldist og hluthafar skipta nú hundruðum.

Fram kemur í skýrslu stjórnar fyrir síðasta ár að rekstur félagsins hafi undanfarin ár verið í „þökkalegu jafnvægi". Hins vegar hafi orðið fimmtán milljóna króna tap á rekstrinum í fyrra. Það skýrist meðal annars af þjálfarskiptum sem ekki var gert ráð fyrir.

Tekjur KR-Sport eru styrkir og auglýsingasala, sala aðgöngumiða á völlinn, sjónvarpstekjur og tekjur vegna KR klúbbsins, stuðningsmannafélags KR.

Nú stendur til að breyta fyrirkomulagi félagsins vegna nýrra reglna UEFA. Málið var á dagskrá síðasta aðalfundar KR-Sports.

Það sem að gerist hjá okkur er að rekstrinum verður skilað til knattspyrnudeildar félagsins," segir Jónas Kristinsson, stjórnarformaður KR-Sport. Hins vegar verði hlutfélagið áfram til og haldi áfram að styrkja knattspyrnustarfið hjá KR eftir því sem nokkur kostur verði.

Leikmenn KR hafa verið með samninga við KR-Sport. Jónas segir að uppgjör verði vegna þessara mála. „Félagið fær þessa samninga við sanngjörnu verði."

VALSMENN Í BYGGINGUM

„Við styrkjum félagið sem síðan sér um að ráðstafa fénu, en við komum ekki með neinum hætti að rekstri," segir Brynjar Harðarson, stjórnarformaður Valsmanna hf.

„Félagið er almenningshlutfélag þar sem hluthafar eru á fimmta hundrað. Félagið var stofnað árið 1999 og safnaði ríflega fjörutíu milljónum króna í hlutfélag.

Stofninn af þessu fé er enn til og hefur verið ávaxtað," segir Brynjar.

Félagið er ekki rekstrarfélag í sama skilningi og KR-Sport, heldur hefur það fyrst og fremst unnið að mannvirkjum í tengslum við félagssvæði Vals að Hlíðarenda.

1 sitt eningum

ingendum sínum fjárhagslegum arði.
í rekstrarfélagunum. Ingimar Karl
, þrátt fyrir önnur markmið í upphafi.

Hlutir í félaginu fyrir níutíu milljónir króna voru boðnir út. Grindavíkurbær og Útgerðarfélag Grindavíkur voru stærstir hluthafar.

Í upphafi keypti félagið GK '99 þrjá leikmenn til Grindavíkur, en síðan ekki söguna meir. Allt fé félagsins fór til þess að reisa íþróttamannvirki í Grindavík. „Bærinn dró sig eiginlega út úr þeim framkvæmdum, það var ekki samkomulag í pólitíkinni um hvernig skyldi gera þetta og við hlupum undir bagga og stóðum mestmegnis straum af kostnaðinum við stúkuna," segir Jónas. Félagið sé nú skuldlaust.

Hann segir að félagið sé enn til, en segja megi að það liggja í dvala.

TIL AÐSTOÐAR

Rúnar Arnarson, sem tekur þátt í rekstri félagsins K-fjárfesting í Keflavík, segir að það eigi ekki beinan þátt í rekstri knattspyrnudeildarinnar þar, hún sjái sjálf um eigin rekstur.

„Við söfnuðum hlutfélag til að sinna afmörkuðum verkefnum. Við höfum styrkt keppnisferðir og hjálpað til við að fjármagna leikmannakaup. Þetta er ekki stór rekstur og það fer ekki mikið

Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur sett nýjar reglur sem hafa í för með sér að hlutfélag sem séð hefur um rekstur íþróttafélags eða knattspyrnudeildar þarf að vera í meiri-hlutaeigu íþróttafélagsins sjálfs.

Ljóst er að miklum fjármunum hefur verið varið til rekstrar efstu flokka í karlafótboltanum undanfarin ár.

Hins vegar virðist ekki sömu sögu vera að segja af kvennadeildunum.

Íslenskar knattspyrnukonur hafa náð góðum árangri á alþjóðavettvangi, en eftir því sem Markaðurinn kemst næst er ekki sömu sögu að segja af rekstrarlegu hljóðinni.

Góður árangur íslenskra liða kallar meðal annars á þátttöku í alþjóðlegum mótum, sem kostar sitt. Hins vegar hefur, eftir því sem næst verður komist, ekki enn kviknað sú hugmynd að virkja stuðningsmenn liðanna til að leggja fé í hlutfélög til að styrkja þær deildir.

Það hefur loðað við margt í íþróttastarfi að fjármagnið komi með sjálfboðavinnu og sölu á klósettpappír og rækjum. Hugsanlega verður enn framhald á því.

Klósettpappír og rækjur?



KVENNAKNATTSPYRNAN Íslenskar knattspyrnukonur hafa náð góðum árangri, en reksturinn er ekki jafn umfangsmikill og í karlaboltanum.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Handbremsa hefur verið sett á íslenska hagkerfið.

Ekki gera ekki neitt

Björn Ingi Hrafnsson

Það er skammt stórra högga á milli í íslensku viðskipta- og efnahagssumhverfi. Ekki er langt síðan hjólað athafnalífsins snerust svo hratt að halda hefði mátt að enginn yrði morgundagurinn, en nú er líkt og handbremsa hafi verið sett á íslenska hagkerfið.

Óþarft ætti að vera að taka fram, að slíkt ástand getur ekki varað lengi án þess að einhverjir alvarlegir traustabrestir verði. Vikum saman hefur verið beðið eftir margþöðuðum útspilum stjórnvalda og Seðlabankans til stuðnings íslensku fjármálakerfi. Væntingarnar eru að sönnu miklar, en það er ekki síst fyrir þá sök að einstakir ráðherrar hafa keppt við að boða hinar og þessar aðgerðir, sem markaðurinn hefur talið aðkallandi, svo sem að stórrauka gjalddeyrisvaraforða Seðlabankans, koma á samstarfi við aðra seðlabanka um aðgengi að lánalínunum og gjaldveirisskiptasamningum – allt í þeim tilgangi að efla traust á Íslandi á alþjóðlegum mörkuðum og leiðrétta þann misskilning að íslenska ríkið, með Seðlabankann í broddi fylkingar, geti ekki rækt skyldur sínar sem alvöru bakhjarl; lánveitandi til þrautavara, beri brýna nauðsyn til.

Af samtölum við forkólfa í íslensku atvinnulífi er auðvelt að draga þá ályktun að mikil vonbrigði ríki meðal þeirra yfir því að slíkar aðgerðir skuli ekki þegar komnar fram. Það viðhorf er í engu bundið við fjármálageirann einan. Fyrirtækin hafa ekkert aðgengi að lánsfé eða almennt fyrirgreiðslu í bönkunum, sem sjálfir þurfa að stíga varlega til jarðar í fjármögnun. Eignir hreyfast ekki á fasteignamarkaði, stærkar viðsendingar eru um ótrúlega hraða viðspyrnu til hins verra í einkaneyslu. Uppsagnir í stórum fyrirtækjum sem smáum eru orðnar daglegt brauð; krónan hefur aldrei verið veikari. Verðbólgan er í nýjum hæðum með alkunnum afleiðingum fyrir heimilin í landinu. Er nema von að spurt sé, hvað dvelji orminn langa?

Við þessar aðstæður er gott og gilt að koma fram opinberlega og stæra sig af því hversu miklir fjármunir hafi sparast við að gera ekki neitt; álag fari nú lækkandi og skilyrði til lántöku fari nú dagbatnandi á erlendum mörkuðum. Auðvitað ber þeim að fara varlega með opinbert fé og leita að hagstæðustu tilboðum til fjármögnunar hverju sinni. En spurningin er hvort ekki væri ráð að fara að dæmi Bernanke, bandaríska seðlabankastjórans, sem vakið hefur mikla athygli fyrir röggsama leiðsögn í bandarísku fjármálalífi?

Segja má að Bernanke hafi með skjóttum og fumlausum viðbrögðum brotið flestar af þeim óskræðu reglum sem hingað til höfðu gilt í bandarísku fjármálakerfi, eða hreinlega búið til nýjar þegar kom í ljós að fjárfestingarbankinn Bear Stearns var að hrúta kominn. Enginn vafi leikur á því að kostnaður við björgunaraðgerðirnar var gríðarlegur, áhættan mikil og ekki allir á eitt sáttir um útkomuna. En Bernanke vissi eitt – aðgerða var þörf. Hann svaraði því til aðspurður að fyrst hefðu menn reiknað út hvað kostaði að gera ekki neitt. Og eftir það hafi valið ekki verið erfitt.

Spurningin er hvort ekki sé rétt að heimfæra þessa stöðu og þetta andrúmsloft yfir á Ísland. Er ekki hugsanlegt að einnig megi meta það til umtalsverðra þjóðarhagsmunna að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir, gjaldþrot fyrirtækja og jafnvel hrúta á fasteignamarkaði? Eða er fórnarkostnaður heimilanna í landinu hvergi tekinn með í reikninginn í þessu dæmi? Aðeins mögulegur stundarávinningur Seðlabankans og ríkissjóðs af því að gera ekki neitt?

Það er auglýsingalega sameiginleg niðurstaða aðila vinnumarkaðarins og forkólfa á markaði að beinna aðgerða sé þörf og það strax. Skilaboð þeirra eru skýr: Ekki gera ekki neitt.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | oliv@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Víxlar Icebank hf. teknir til viðskipta á OMX Nordic

Exchange Iceland hf.

Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingu vegna víxla bankans sem verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. Lýsingin er aðgengileg almenningsi frá og með 14. maí 2008 og er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda, www.icebank.is, og í prentuðu formi hjá útgefanda að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

Eftirfarandi víxlaflokkur verður tekinn til viðskipta:

Víxlaflokkur að heildarfjárhæð 5.000.000.000 kr. var gefinn út þann 14. mars 2008. Víxlar að fjárhæð 5.000.000.000 kr. verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. 14. maí 2008. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður ICB 09 0415. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubrúf, hver af fjárhæð 10.000.000 kr. og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 15. apríl 2009.

Umsjónaraðili töku til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Icebank hf.

Víðeigandi lýsingu útgefanda er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda: www.icebank.is og í prentuðu formi hjá útgefanda, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

14. maí 2008

Evran í áratug

ORD Í BELG

Björgvin G. Sigurðsson

viðskiptaráðherra.



Í sögulegu samhengi er óhætt að segja að evran sé svar Evrópuríkja við hnattvæðingunni og auknum alþjóðlegum viðskiptum. Um evruna og tilurð hennar stóð eðlilega styr. Nú þegar gjaldmiðillinn sem markar svo skýr skil í sögu Evrópu er tíu ára gamall er forvitnilegt að rýna í nokkur af helstu áhrifaatriðunum sem tilkoma hans hafði í för með sér.

Engin velkist í vafa um að áhrifin af sameiginlegri mynt Evrópusambandsins eru mikil og margvísleg. Gagnlegt er að setja áhrifin á evrulöndin í íslenskt samhengi í ljósi stöðunnar hér. Ekki síst vegna umræðunnar sem á sér stað um framtíð gjaldmiðilsins og hvaða kostum við stöndum frammi fyrir á næstu árum. Ekki er óvarlegt að áætla að framtíðarfyrirkomulag peningamála okkar sé eitt stærsta einstaka viðfangsefni stjórnmalanna nú og á næstu árum.

Eftir því sem viðskipti á milli mismunandi gjaldmiðlasvæða aukast þeim mun viðkvæmari verður hinn innlendi gjaldmiðill fyrir sveiflum á gjaldveirismarkaði. Það höfum við séð svart á hvítu á liðnum misserum. Því blasir verkefnið við okkur af þeim þunga sem raun ber vitni nú rúnum áratug eftir að við urðum aðilar að innri markaði Evrópu. Fjórfrélsíð og EES-samningurinn hafði slík áhrif á allt íslenskt samfélag að nánast allt er breytt. Hvort heldur er efnahagslífið eða löggjöf landsins. Ekki síst félags- og samkeppnismál.

Því má segja að þau miklu og jákvæðu áhrif sem Evrópusamstarfið hefur haft á samfélagið drífi nú áfram þá ágengu og um margt málefnalegu umræðu sem fer fram um hvort tímabært sé að sækja um aðild að Evrópusamstarfinu og skilgreina samningsmarkmið. Þessi umræða er og verður ásækin og undan henni komast stjórnmalaflokkarnir ekki.

Tvöfalt þjóðaratkvæði eða ekki. Evrópumálin eru komin á landakortið og brýnt að ná breiðri samstöðu á meðal þings og þjóðar um hvaða skref skuli stíga. Án góðrar samstöðu og samvinnu flokkanna á þingi um málið verða varla nein framfaraskref stigin og ekki stendur á atvinnulífinu og verkaldýshreyfingu í þeim leiðangri.

RANNSÓKN Á ÁHRIFUM EVRUNNAR

Viðskiptaráðuneytið tók skref í þessum málum fyrir nokkru. Ákveðið var að styrkja Rannsóknastofnun í fjármálum við Háskólann í Reykjavík, Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst og Rannsóknarsetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst til rannsókna á áhrifum aukinnar notkunar erlendra mynta á vörumarkað, fjármálamarkað og samfélag á Íslandi almennt.

Þetta þarf að liggja skýrt fyrir áður en stigin verða næstu skref eða frekari ákvarðanir í þessum málum teknar. Enn fremur er fyrirhugað að skoða áhrif mismunandi tenginga við evru á ofangreinda þætti.

Niðurstöður þessara rannsókna munu liggja fyrir í haust og munum við þá kynna, gefa út og halda um þær ráðstefnu. Meginspurningarnar eru tvær: 1) hvort á Íslandi sé að verða

meira eða minna fram í krónum. Reikna má með að erlend fyrirtæki þurfi að verja talsverðum tíma og fjármunum í að kynna sér aðstæður á Íslandi, þar með talið þær er snerta gjaldmiðilinn sérstaklega.

Þetta er dæmi um fjárfestingu sem ólíklegt er að myndi nýtast í öðrum viðskiptum og erfitt er að endurselja ef ekki verður af viðskiptum. T.d. um þetta má líklega nefna að enginn evrópskur banki hefur hafið hér starfsemi þó það geti þeir gert á bankaleyfi úr heimalandi sínu vegna EES.

Reynslan innan evrusvæðisins er á svipaða lund, og nokkuð breið samstaða er meðal hagfræðinga um að tilkoma evrunnar hafi leitt til aukinna viðskipta innan svæðisins. Leiddar eru líkur á að viðskipti innan evrusvæðisins séu 50 til 80 prósent meiri en þau væru án evrunnar. Reynslan er þó auðvitað ólík eftir einstökum atvinnugreinum.

Ýmsir horfa til áhrifa evruaðildar á fjármagnskostnað og stöðugleika í peningamálum. Evran hefur haft veruleg áhrif til samræmingar vaxtastígs í evrulöndunum. Einkum hefur vaxtamunur á ríkisverðbréfum og húsnæðislanum dregist mikið saman. Þráðri fjármálamarkaðir eru vafalaust einhver skýrasti kosturinn við myntbandalag eins og fram hefur komið með skýrum hætti í umræðunni í íslensku samfélagi síðastliðið ár. Sterkur fjármálamarkaður hefur ýmiss konar jákvæð afleiðd áhrif umfram þykir það ekki tiltökumál hér á Íslandi að stunda verslun og viðskipti í öðrum myntum en krónu. Ekki má þó gleyma að því fylgir nokkurt óhagræði, bæði beinn og óbeinn kostnaður.

Beini kostnaðurinn sem birtist í mismun á kaup- og sölugengi krónunnar er til að mynda allnokkur. Annars vegar, að tiltölulega dýrt er að eiga í utanríkisviðskiptum yfirhöfuð ef margar myntir eru notaðar og auðvitað er það einn helsti hvatinn af myntsamruna á svæði sem er einn markaður án landamæra. Ýmiss konar óbeinn kostnaður hlýst líka af viðskiptum á milli gjaldmiðlasvæða. Slíkur óbeinn kostnaður stafar fyrst og fremst af þeirri óvissu sem gengishreyfingar eru háðar og eru innbyggðar í gjaldmiðilsviðskipti.

Viðskiptasamningar þvert á gjaldmiðlasvæði fela í sér viðbótaróvissu sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á umfang viðskipta og þar með þann ávinning sem af viðskiptum hlýst. Óbeinn viðskiptakostnaður sem myndi sparast við upptöku evru á Íslandi er því mikilvægt viðfangsefni þegar kostir og gallar evrunnar eru skoðaðir af okkur nú.

Þegar lönd sameinast um eina tiltekna mynt leiðir það af sér að öll viðskipti þeirra á milli verða einfaldari fyrir vikið. Kostnaður við að skipta fjármunum úr einum gjaldmiðli í annan hverfur. Sömuleiðis öll áhætta af þróun gengis viðkomandi gjaldmiðla.

REYNSLAN AF EVRUNNI Vegna smæðar myntsvæðisins er auðvelt að sjá að krónan getur verið hamlandi fyrir viðskipti af þessum sökum. Einkum ef erlend fyrirtæki vilja tengjast íslenskum neytendamarkaði, þar sem viðskipti fara

meira eða minna fram í krónum. Reikna má með að erlend fyrirtæki þurfi að verja talsverðum tíma og fjármunum í að kynna sér aðstæður á Íslandi, þar með talið þær er snerta gjaldmiðilinn sérstaklega.

ORÐSKÝRINGIN

Vísitala neysluverðs

Vísitala neysluverðs nefnist í daglegu tali verðbólga og er landsmönnum kunn, þótt tæpast sé af góðu. Hagstofa Íslands heldur utan um vísitöluna en í henni eru mánaðarlega mældar verðbreytingar neysluvara. Ef almennt verðlag hækkar er það verðbólga, en ef það lækkar er það fátíðara fyrirbrigði sem kallast verðhjöðnun. Hagstofan kannar verð á hátt í þúsund vöru- og þjónustuliðum og innan hvers liðar er svo kannað verð í mismunandi verslunum og á mismunandi vörumerkjum. Val á þeim þáttum sem mældir eru byggist á neyslukönnunum sem framkvæmdar eru reglulega. Þeir þættir sem hvað þyngst veiga í verðbólguvísitölunni eru húsnæði, bifreiðar, matvara, rafmagn og hiti.



SPÁKAUPMAÐURINN

Paradís og túttur

Kom sjálfum mér heldur betur á óvart í síðustu viku. Sem ég taldi orðið illmögulegt. Var rétt svo í rúma viku í þeirri rómuðu borg Dubai. Þetta var að mestu persónulegt gigg í bland við vinnu, hitta gamla kunningja sem hafa komið sér ágætlega fyrir í þessu sameinada arabíska furstadæmi og sjúga af olíuauðnum eins og kornabörn á móðurbrjóstum.

Auðvitað var veskið tekið upp – reyndar margsinnis. Fjárfesti með þeim hlut í sloti í turni, 150 fermetrum á áttundu hæð. Glæsilegt utan sem innan. Allt verður til staðar þegar við hjónin komum, jafnvel hnífapör í skúffunni og rauðvinsflaska á eldhússkenknum við hlið upptakarans. Síðan getum við sopið á og notið ... útsýnisins þar sem við stöndum úti á svölum og horfum yfir upplýsta arababorgina í mánaskini í júní. Nú eða hvenær sem við kjósum að kíkja austur eftir.

Þetta rætist reyndar þegar búið verður að grafa grunninn og byggja. En útsýnið verður glæsilegt, ímynda ég mér.

Dubai er yndislegur staður og minnir svolítið á Ísland á tímum goðaveldisins í kringum þarsíðustu þúsaldarmót. Sem er ekki slæmt þótt þróunin mætti vera hraðari. Þarna gildir auga fyrir auga, tönn fyrir ... og svo framvegis og veldur því að óhætt er að skilja Bensann í gangi fyrir utan banka eða enskan bar í þessu opinberlega vínlausa landi. Verði bílnum stolið missir þjófurinn höndina og keyrir fátt annað en sjálfskipt á eftir. Það er að segja ef dómsvaldið man eftir að kalla hann upp úr dýflissunni. Refsingar fyrir önnur brot eru í svipuðum dúr, sem mér líkar ágætlega.

Þá sést ekki ber tútta á ferð á ströndinni, sem sumir segja kost, og vart berar axlir og því hægt að halda fullkominni einbeitingu og ræða málin án verkja í augnbotninum. Sem er ágætt.

Ekki spillir fyrir að þarna renna peningarnir líkt og Hvítá í leysingum og fjármálalífið allt til fyrirmyndar.

Fjandakornið ef ég á ekki eftir að dvelja oftar í Dubai þegar búið verður að byggja og nær öll fyrirtækin farin úr Kauphöllinni. Þar er heldur ekkert gaman lengur, eiginlega að verða hundleiðinlegt nú þegar enginn á monni til að kaupa lengur nema lífeyrissjóðirnir og ég.

Spákaupmaðurinn á horninu

Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verslanir



is-húsið
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is

MARKAÐURINN
Einfalt
málá www.visir.is
alla daga

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Flóknir markaðir
kalla á fræðilegt
vopnabúr.

Reynir Kristinsson
forseti viðskiptadeildar

15. MAÍ
RENNUR
UMSÓKNAR-
FRESTUR
ÚTI!

Tvær verðmætar
meistaragráður

MS Í ALPJÓÐLEGRI BANKASTARFSEMI OG FJÁRMÁLUM
MS Í ALPJÓÐAVIÐSKIPTUM

Háskólinn á Bifröst býður tvær námsleiðir til meistaragráðu á sviði viðskipta og fjármála. Reynslan sýnir að útskriftarnemum opnast fjölmörg atvinnutækifæri og stórbætt launakjör.

MS nám í alþjóðlegri bankastarfsemi og fjármálum er sérsníðið fyrir þá sem stefna á störf innan fjármálafyrirtækja, banka eða annarra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Áhersla er lögð á hagnýta og viðtæka viðskiptaþekkingu. Námið er í samstarfi við Stony Brook háskólan í New York og í hópi kennara eru sérfræðingar með reynslu af helstu fjármálamörkuðum heims.

Í MS námi í alþjóðaviðskiptum er lögð áhersla á að dýpka fræðilega þekkingu á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, m.a. fjármálum, stjórnun og þróun markaða. Í náminu þjálfast viðsýnir, vel menntaðir stjórnendur og starfsmenn sem búa yfir þekkingu til að þróa og greina ný viðskiptatækifæri. Námið er skipulagt í samvinnu við Copenhagen Business School í Kaupmannahöfn.

Námsleiðirnar eru á ensku, þær sameina kosti stað- og fjarnáms og henta vel með vinnu.

EINLEIÐ / BA / MA / MSc

FRUMGREINADEILD

- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimsspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

WWW.BIFRÖST.IS



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Hreiðar Már, sem er forstjóri Kaupþings, kynnti starfsemi bankans á risaráðstefnu fjármálaáætlunar í New York í byrjun vikunnar. Svissneski stórbankinn UBS stendur fyrir ráðstefnunni, sem er árviss viðburður. MYND/KAUPÞING

Eini íslenski bankinn á ráðstefnu UBS

Forstjórar sjötíu banka kynntu starfsemi sína. Forstjóri Kaupþings boðar innrás í Sviss.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, kynnti Kaupþing á fjölmennri ráðstefnu fyrir alþjóðlega fjárfesta sem risabankinn UBS stendur fyrir og fer fram í New York.

UBS 2008 Global Financial Services-ráðstefnan er ein af helstu bankaráðstefnum ársins. Viðstaddir eru allir stærstu bankar heims en ráðstefnunni, sem hófst á mánudag, lýkur í dag.

Kaupþing er eini íslenski bankinn á ráðstefnunni í ár, en alls kynntu forstjórar sjötíu banka starfsemi sína fyrir fjárfestum. Þar af er fjórir norrænir bankar, SEB, Nordea og Swedbank auk Kaupþings.

Hreiðar Már var með erindi sitt á mánudag. Næstur á eftir honum í pontu í þeim hluta ráðstefnunnar var svo Sir Fred Goodwin, forstjóri Royal Bank of Scotland.

Hreiðar Már fór yfir hvernig bankanum hefur reitt af í lausafjárkreppunni og óstöðugu rekstrarumhverfi hér heima

vegna veikingar krónunnar. Hann kvaðst ánægður með árangurinn og benti á að nú hefðu borgað sig kostnaðarsamar varnir bankans síðustu ár gegn falli krónunnar. Þá kynnti hann aðgerðir sem gripið hafði verið til í fjármögnun bankans og nýlega kynntar breytingar í Bretlandi þar sem aflögð verður starfsemi utan kjarnastarfsemi bankans. Eins kvaðst Hreiðar Már ánægður með gengi nýrra EDGE innlánareikninga bankans á netinu og kvað innlagnir á fyrsta fjórðungi einum hafa verið yfir einum milljarði evra. „Apríl var okkar besti mánuður til þessa og við öflum daglega nýrra viðskiptavina á öllum mörkuðum,“ sagði hann og bað fundargesti glettinn að láta vinsamlegast ekki starfsmenn UBS, sem heldur ráðstefnuna, vita að á næstu tveimur vikum standi fyrir dyrum markaðssókn Kaupþings inn á Svisslandsmarkað með EDGE-reikningana. UBS er sem kunnugt er svissneskur risabanki sem starfar á heimsvísu. - óká

Átak til að fá fólkið aftur til Póllands

Stjórnvöld í Póllandi hafa hrundið af stað átaki til að fá fólk sem farið hefur til starfa erlendis, að snúa aftur heim.

Stjórnvöld þar eystra hafa látið útbúa bækling sem til stendur að dreifa í Bretlandi.

Fram kemur í breska blaðinu Independent að pólsk stjórnvöld óttist vinnuafllsskort þar í landi vegna mikils uppgangs.

Talið er að um 200 þúsund manns, umfram þá sem nú starfa í Póllandi, þurfi til þess að ljúka smíði íþróttamannvirkja sem eiga að vera tilbúin fyrir Evrópukeppnina í knattspyrnu árið 2012.

Haft er eftir Jacek Winnicki, pólskum lögmanni sem búsettur er í Lundúnum, að auglýsingabæklingar hafi tæplega afgerandi áhrif á fólk. „Vinnan er einungis ein af mörgum ástæðum fyrir því að fólk ákveður að flytja úr landi.“

Fram kemur í danska viðskiptablaðinu Børsen að flykkist Pólverjar heim á leið geti það kostað danska þjóðarþúið milljarða danskra króna. Hins vegar



Á HEIMLEIÐ? Pólskir farandverkamenn vinna við íslenskar byggingar. MARKAÐURINN/VILHELM

fjölgar pólskum starfsmönnum ástands heima fyrir hafi pólskir verkamenn þegar farið heim enn í Danmörku.

Fram hefur komið að vegna gengisfalls krónunnar og betra mjög stöðu sína. - ikh

Kópavogur grípur til aðgerða vegna lóða í Vatnsendahverfi

Kópavogsbær hyggst endurskoða lóðakjör í bænum.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti fyrir helgi að endurskoða kjör skuldabréfa og staðgreiðsluafslátt vegna lóða sem bærinn hefur úthlutað í Vatnsendahlíð. Ákveðið verður á næstu vikum hvernig kjörum verður breytt.

Ákvörðunin á við lóðir sem bæjarráð úthlutaði í nóvember síðastliðnum. Tilgangur þessa er að bregðast við breyttu efnahagsástandi.

Þá var um 200 lóðum úthlutað en nokkru hefur verið skilað.

Töluverðu hefur verið skilað af lóðum úr síðustu úthlutun á Völlunum í Hafnarfirði. Bæjaryfirvöld hafa ekki ákveðið aðgerðir, en það er ekki útilokað, að sögn Guðmundar Rúnars Árnasonar, formanns bæjarráðs. - ikh



VIÐA ER BYGGT Mörgum lóðum hefur verið úthlutað í útjöðrum höfuðborgarsvæðisins en það fer vaxandi að fólk skili lóðum. Kópavogur ætlar að bregðast við.

Minni-Mástunga

Skeiða og Gnúpverjahreppi

Stærð: 0 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei

RE/MAX
Esja



Eignarland

Verð: 370.000.000

Landareign - Stórjörð

RE/MAX Esja kynnir í Einkasölu: Jörðina Minni-Mástungu, yfir 500 hektara (skráð 719ha) ásamt öllum húsum og hóteli á jörðinni. Hótel bygging (675fm), 2 sumarbústaðir (45fm og 60fm), einbýlishús (226,4fm), hesthús (141,7fm), hlaða (141fm) og fjós (285,5fm). Jörðin sem er mikið gróin og vel í rækt er við þröskuld þjórsárdals á bökkum Kálfár og henni fylgja veiðiréttindi. Frá bænum er glæsilegt útsýni og náttúrufrægurinn er mikil og fjölbreytt. Í landi Minni-Mástungu er staðsett glæsilegt hótél með veislusal, ráðstefnusal, bar og veitingastað. Herbergi hótelsins eru 12 í einni álmu. Til eru teikningar af annarri álmu til þess að bæta við herbergjum enda er hótelið hannað með rúm 24 herbergi í huga. Púði er til staðar fyrir byggingu seinni álmu hótelsins. Eigandi vekur athygli á því að mögulegt gæti verið að breyta hótelinu í íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir 12 sumarbústöðum í skipulagi. Hentar sérlega vel til hestamennsku enda eru frábærar reiðleiðir til allra átta og er jörðin sannkölluð hestamanna paradís. Minni-Mástunga er í rúma 1 klst akstur frá Reykjavík.

Eyjólfur Ingólfsson
Sölufulltrúi
8215111
eyjolfur@remax.is



Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali



erlendur@eignastyring.is





FRÁ JARÐBÖÐUNUM Rekstur Jarðböðanna skilaði ellefu milljóna króna hagnaði í fyrra.

Jarðböðin rekin í plús

„Við vorum rétt ofan við núllið í hittifyrri, en árið í fyrra var í fyrsta sinn sem við skilum verulegum hagnaði,“ segir Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jarðböðanna í Mývatni.

Rekstur þaðanna skilaði ellefu milljóna króna hagnaði í fyrra.

Rekstur þaðanna hófst árið 2004. Í fyrra komu þangað um 70 þúsund gestir.

Nú er unnið að ýmsum framkvæmdum við böðin, þar á meðal 300 fermetra viðbyggingu við móttökuhús þaðanna. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er fimmtíu milljónir króna.

Eigendur Jarðböðanna eru um 100 talsins. Ríkið á þar nokkurn hlut, en einnig Bygðastofnun, Landsvirkjun, Tækifæri auk fyrirtækja og einstaklinga í Mývatnssveit.

Um fimmtán manns starfa við Jarðböðin í sumar. - ikh

FÓLK Á FERLI

BIRKIR HÓLM GUÐNASON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Icelandair



og tekur hann við af Björgólfi Jóhannssyni, sem hefur gegnt starfinu samhliða því að vera forstjóri. Birkir hefur verið sölustjóri Icelandair á Íslandi, í

Norður-Ameríku, Mið-Evrópu og nú síðast á Norðurlöndunum.

GUNNAR MÁR SIGURFINNSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri



Icelandair Cargo. Gunnar Már hefur verið framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair undanfarin þrjú ár.

ÁRNI HERMANSSON OG ERLENDUR SVAVARSSON hafa sömuleiðis verið ráðnir framkvæmdastjórar á sviði leiguflegs og flugvéla viðskipta hjá Icelandair Group. Til þessa sviðs heyrja fimm fyrirtæki, Loftleiðir-Icelandic, Bláfugl, Icelase, Travelservice í Tékklandi og Latcharter í Lettlandi, og munu þeir sinna samræmingar- og stefnumótunarverkefnum. Árni mun jafnframt áfram gegna stöðu fjármála- stjóra Loftleiða-Icelandic.

Milljarðar í vasa Björgólfsfeðga

Samson Global Holdings, félag í eigu þeirra feðga Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thor Björgólfssonar, fékk í gær greidda tæpa 146,4 milljón hluti í Straumi-Burðarási í arð vegna afkomunnar á síðasta ári. Markaðsverðmæti hlutanna miðað við gengi bréfa í Straumi í gær nam rúmum 1,7 milljörðum íslenskra króna.

Þetta er í samræmi við ákvörðun frá aðalfundi bankans um miðjan síðasta mánuð þegar ákveðið var að greiða út 48,9 milljónir evra í arð fyrir síðasta ár. Það jafngildir sex milljörð-

um króna miðað við gengi evru í gær.

Samson er stærsti hluthafi Straums með rúm 32,8 prósentu hlut og fengu smærri hluthafar því eðlilega minna af þeim tæpu 430 milljón hlutum sem bankinn greiddi út í formi arðs í gær.

Samanlagt verðmæti bréfa feðganna í Straumi nemur tæpum 41,6 milljörðum króna. Gengið stóð í 11,7 krónum um tvöleitið í gær. Það fór hæst í 23,25 krónur á hlut 19. júlí síðastliðinn. Svipada sögu var að segja um gengi annarra félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

- jab



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Félag í eigu þeirra Björgólfs Guðmundssonar og sonar hans og nafna fékk rúma 1,7 milljarða í arð frá Straumi-Burðarási í formi hlutabréfa í gær.

MARKAÐURINN/E.ÓL.

Nýjar höfuðstöðvar Klæðningar

Byggingu nýrra höfuðstöðva verktakafyrirtækisins Klæðningar við Íshelli 7 í Hafnarfirði er lokið og flytur fyrirtækið alla starfsemi sína þangað um þessar mundir.

Í tilkynningu fyrirtækisins segir að með tilkomu nýrra húskynna verði öll aðstaða starfsfólks betri, sem mun skila sér í enn betri þjónustu. „Klæðning hefur vaxið hratt og örugglega undanfarin misseri og í kjölfar þess hefur þörfin á bættri aðstöðu fyrir starfsemi aukist verulega.“ Íshella 7 er í nýju iðnaðarhverfi við Reykjanesbraut.

g póstur



gPóstur vistvænn kostur fyrir magnpóstsendingar

Gutenberg býður viðskiptavinum sínum upp á **gPóst** – hagkvæma og vistvæna lausn fyrir prentað efni sem dreifa á í miklu magni. Allt ferlið – frá sendanda til viðtakanda á einum stað.



Helsta nýjungin sem gPóstur býður upp á er **umslagalaus póstur**, svokallaðar lokur sem nýta einungis **50% pappír** samanborið við hefðbundinn póst í umslagi. Lokurnar er hægt að brjóta og loka á marga mismunandi vegu, auk þess sem hægt er að skjóta inn í þær einblöðungum og bæklingum.

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is

 **Gutenberg**

DAGUR Í LÍFI ...

Öglu Hendriksdóttur, framkvæmdastjóra Glitnis Sjóða

- 07.00** Vakna við símann. Set góða tónlist í græjurnar. Dóttirin Ásdís Agla, sex ára, er afskaplega morgunhress í dag.
- 7.50** Kveð dóttur mína og eiginmann, Sigurð Hafsteinsson, sem fer venjulega með hana í skólann. Í framhaldinu hækka ég í græjunum og tek mig til fyrir daginn. Kíki í tölvuna.
- 8.30** Legg af stað til vinnu. Kem við í Mosfellsbakarí og fæ mér einn „kaffi latte“ til að taka með og kiki í blöðin á meðan ég bíð.
- 09.00** Komin til vinnu. Spjallað við samstarfsfólk um áform dagsins.
- 09.45** Fer á fund ásamt samstarfsmönnum, en uppgjör fyrirtækja eru að birtast og því mikið um fundahöld.
- 11.35** Orðin örlítið á eftir áætlun þar sem ég á að vera mætt á fund á Kirkjusandi.
- 12.15** Tímaáætlunin úr skorðum og einum fundi frestað fram á föstudag. Fer yfir hvað sé að gerast á markaðnum.
- 13.00** Mætt á Humarhúsið, sem hentar einna best veitingastaða í bænum til fundahalda og ekki skemmur maturinn fyrir.
- 14.00** Vopnuð farsíma, frábæru samstarfsfólki og góðum miðlurum tekst okkur að grípa gott fjárfestingartækifæri á skuldabréfamarkaði.
- 14.15** Fundur með nokkrum starfsmönnum Glitnis Sjóða þar sem við erum að samhæfa vinnubrögð og efla enn frekar áhættustýringu við fjárfestingar.
- 15.00** Annar fundur í Glitni Sjóðum þar sem við förum yfir hugmynd að vörubróun.
- 16.00** Fer yfir stöðuna, ásamt sjóðstjórum, á skýrslum sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir okkar þurfa að skila reglulega til Fjármálaeftirlitsins.
- 17.00** Sæki dóttur mína í Skólasel Varmárskóla og grip mat í Krónunni á leiðinni. Fer heim til að skipta yfir í reiðfötin og upp í hesthús. Þar gleymi ég mér augnablik við að sinna hestunum.
- 20.00** Fer í ræktina, enda stefni ég á að taka þátt í Glitnishlaupinu í ár.
- 21.30** Komin heim, dóttirin ennþá vakandi og við lesum saman bókina „Konungar háloftanna“.
- 22.00** Sest með eiginmanninum og spjalla yfir kaffibolla.
- 23.00** Sest fyrir framan tölvuna og fer yfir póstinn. Klára þau verkfæni sem ekki tókst að ljúka yfir daginn.



SAMRÁÐ VIÐ SAMSTARFSMENN Agla Hendriksdóttir hitti Sigurð B. Stefánsson á milli þess sem hún sat fundi og samhæfði vinnubrögð samstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FERÐAST UM EVRÓPU Nanna Guðbergdóttir og Oliver Pálmason hafa ferðast milli strandbæja á Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLU

Þægileg keyrsla

Regla Harley Davidson-aðdáenda er að selja aldrei fyrsta hjólið sem þeir eignast. Björn Leifsson kallar slík hjól monthjól og nýtur þess að sitja fákinn á góðviðrisdögum eins og sífellt stærri hópur Íslendinga. Þar á meðal eru hjónin Oliver Pálmason og Nanna Guðbergdóttir sem ferðast saman á mótörhjólum. Vala Georgsdóttir fræddist um lífsstíl þessara töffara.

Harley Davidson er eitt helsta lífsstílsmerki í heiminum. Ímynd Harley Davidson-mótörhjólanna tengist þannig sterkt heimi kvikmyndanna. Enda hefur kvikmyndastjarnan James Dean á sér ímynd sem einn frægasti Harley Davidson mótörhjólátöfari allra tíma.

„Ég kalla þetta monthjól,“ segir Björn Leifsson í World Class, sem átt hefur Harley Davidson-mótörhjól um tíma. Þetta er fyrst og fremst skemmtun,“ segir hann. En hjólið notar hann helst á góðviðrisdögum og þá til og frá vinnu.

„Því er ekki hægt að neita að Harley Davidson-mótörhjólunum fylgir ákveðið snobb,“ viðurkennir Björn. „En fyrsta Harley Davidson-mótörhjólið sitt verður maður víst alltaf að eiga, heyrði ég einu sinni, og kaupa sér bara annað hjól.“

Hjónin Oliver Pálmason og Nanna Guðbergdóttir segja að hjólamennskan sé sameiginlegt áhugamál þeirra. Þau hafa ferðast saman víða um Evrópu á mótörhjólum. En þegar þau fara í lengri ferðir eru þau alltaf saman á einu hjóli. Líkt og Björn eiga þau Harley Davidson-mótörhjól sem þau hafa mjög gaman af. „Þetta eru glæsikerrur sem þægilegt er að keyra, enda eru þau afskaplega falleg,“ segir Nanna og Oliver bætir við „að það að ferðast um á mótörhjóli sé lífsstíll sem veitir gríðarlegt frelsi“.

„Harley Davidson-hjólin eru ekki hönnuð fyrir mikinn hraða heldur þægilega keyrslu,“ bendir Oliver á. Hér heima er helst farið í stuttar ferðir á suðvesturhorninu og vinsælt er að fara Þingvallahringinn í góðu veðri.

Þegar Oliver og Nanna bjuggu í München í Þýskalandi um nokkurra ára skeið var stutt að fara yfir til Ítalíu. Þau hafa því þrætt saman marga strand- og fjallvegi bæði á Suður- og Norður-Ítalíu. Uppáhaldsstaðurinn þeirra á Ítalíu er Amalfi-skaginn, sem er um 100 km suður af Napolí. „Þegar ferðast er á mótörhjóli á milli strandbæja á Ítalíu í 30 stiga hita, keyrandi á 50-70 km hraða og með



Á LEIÐ Í VINNUNA Björn Leifsson brunar í World Class á Harley Davidson-hjólinu – en bara á björtum dögum.

vindinn í fangið erum við heldur betur upptekin af líðandi stund.“

„Þeir sem velja að keyra um á Harley Davidson-mótörhjóli eru ekki að sækjast eftir neinu adrenalínkikki,“ segir Nanna. „Þessi ferðamáti er einstakur fyrir það hve komist er í nána snertingu við mannlífið og náttúruna. Þegar ferðast er á mótörhjóli er að vísu hægt að fara hratt yfir, en best væri að segja að komið sé víða við,“ segir Oliver.

Þessi lífsstíll, að þeysast um á mótörhjólum, nýtur aukinna vinsælda og er ekki lengur bundinn við ákveðinn aldur né kyn. Björn, Oliver og Nanna eru sammála um að vaxandi áhugi fólks á hjólamennsku eigi sínar skýringar. Aldur er vissulega hugarástand, enda er fólk líklega almennt orðið meðvitað um það að huga meira að sjálfu sér en áður. Ímynd mótörhjólátöfara tekur því stanslausum breytingum líkt og annað í síbreytilegum heimi hugmynda og lífsviðhorfa.

FRÍSTUND MARÍU ELLINGSEN, LEIKKONU, LEIKSTJÓRA OG LEIÐBEINANDA HJÁ CAPACENT.

Útivist og leikhús

„Ég hleð batteríin úti í náttúrunni,“ segir María Ellingsen, leikkona, leikstjóri og leiðbeinandi hjá Capacent, sem hefur alla tíð verið mikil útivistarkona og fer alltaf á fjöll á sumrin og upp á hálendið.

„Ég var að uppgötva Langasjó uppi við Vatnajökul síðasta sumar. Þangað var alveg magnað að koma, ég varð alveg undrandi. Ég hugsaði með mér, getur það verið að ég hafi aldrei komið hingað áður? Þetta var frábær ferð sem farin var með Ferðafélaginu Augnabliki, með Ástu Arnardóttur í fararbroddi.

Það er mikið ríkidæmi að hafa aðgang að íslenskri náttúru. En ég hef einnig notað frítíma minni í að berjast fyrir því að hún fái gríð. Og börnin mín geti notið hennar og dafnað í henni eins og ég hef gert.

Ég hef líka verið að fikta við að veiða á flugu,“ segir María og bætir við að þar sem hún sé hálfur Færeyingur sé kannski ekki skrytið að í henni búi smá veiðimaður. „Í veiðinni getur maður alveg gleymt sér og maður kemst í hálfgerð hugleiðsluástand,“ segir hún.

„Vinnan er líka áhugamál.

Þegar unnið er mikið í leikhúsi vill það svo til að frítíminn fer líka í það að fara í leikhús. Það er alltaf eitthvað að gerast í leikhúsinu. Ég vann nýverið við að búa til leiksýninguna Mamma mamma ásamt leikhópnum Opið út, sem samanstendur af listakönnum. Sýningin fjallar um samband mæðra og dætra. Ömmurnar koma líka þarna við sögu.“

María finnst einnig alveg yndislegt að fara í sund og gerir fjölskyldan mikið af því þegar tími gefst til frá amstri dagsins. Auk þess er farið á skíði eða hestbak þegar tækifæri gefast.

- vg



BÖRNIN NJÓTI NÁTTÚRUNNAR María Ellingsen segir mikið ríkidæmi að hafa aðgang að íslenskri náttúru. Hún hefur einnig fiktað við fluguveiðar og segir lítinn veiðimann búa í sér.

Endurvinnum – umhverfisins vegna



Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

BANKAHÓLFID

Verra á útlensku

Peir sem fjalla um íslensk efnahagsmál þekkja vel hversu snúið getur verið að fá ædstu stjórnendur í Seðlabankanum til að tjá sig um helstu álitæfni hverju sinni. Nú virðist hins vegar sem breyting hafi orðið á, en sá galli er þó á gjöf Njarðar að sú ákvörðun virðist hafa verið tekin að tjá sig helst á útlensku um þessi mál og vísa svo öllu á bug sem meinlegum misskilningi þegar heim er komið. Frægt var viðtal í Börsen á dögum við Eirík Guðnason þar sem hann virtist lýsa yfir miklum áhyggjum af íslenska fjármálakerfinu og fyrir helgi birtist þýskt viðtal við Arnór Sighvatsson, þar sem hann tjáði sig með svipuðum hætti og bætti við að upptaka evru myndi auka líkur á stöðugleika. Í báðum tilfellum kepptust stjórnendur Seðlabankans við að draga úr vægi ummælanna hér heima, með takmörkuðum árangri enda orðið æði stutt milli landa í fjölmiðlun nútímans og menn fá alltaf fréttir, hvort sem þær eru á útlensku eða íslensku ...

Evrán

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, sagði í málstofu í Seðlabanka Íslands í gær að lausafjárþörf íslensku bankanna væri í erlendri mynt en seðlaprentun-arvald Seðlabanka Íslands væri í íslenskum krónum, sem hefðu takmarkað markaðshæfi utan Íslands. Af þeim sökum gætu íslenskir bankar ekki fengið sömu lausafjárþyrngreiðslu hjá sínum seðlabanka og til dæmis bankar á evrópska myntsvæðinu. Lausafjárahætta þeirra hlyti því að vera hærrí. Besta lausnin á þessu er að mati Ásgeirs inn-ganga í myntbanda-lag Evrópu en ekki einhliða upptaka evru.



Hógværir

Misjafnt er hversu umsvifamiklir stjórnendur og stjórnarmenn fjármálastofnana eru í lántökum innan þeirra bankastofnana sem þeir starfa hjá. Sem dæmi námu útistandandi lán til bankastjóra og framkvæmdastjóra Landsbankans í lok mars um 158 milljónum króna. Sigurjón Arnason bankastjóri upplýsti á uppgjörsfundi að minnst af þessu væru lán til hans og Halldórs J. Kristjánssonar. Þeir væru svo hógværir menn. Þetta væru að mestu lán til framkvæmdastjóranna og næmu nokkrum íbúðalán-um, svo lág væri upphæðin. Hins vegar nema lán til bankastjórnar Landsbankans og félaga þeirra um 42 milljörðum króna. Í Kaupþingi er þessum tölum skellt saman og nam heildarupphæðin í lok mars rúmlega 35 milljörðum króna.



126,40 Metfé í Bandaríkjadöllum fyrir tunnu af olíu.

10.000 Starfsmenn fjármálafyrirtækja í Lundúnum sem geta búist við uppsögn á næstu misserum.

4 stýrivaxtaþröskur Evrópska seðlabankans.

Háskóli Íslands varð langefstur á prófinu!



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is



Valið er auðvelt – Tökum við umsóknum núna

Háskóli Íslands nýtur trausts 90% þjóðarinnar*, en það er mesta traust sem nokkur stofnun nýtur á Íslandi. Svo afdráttarlaust traust til öflugasta háskóla Íslendinga er hvatning öllum þeim sem hyggja á háskólanám.

Umsóknir um nám á haustmiseri 2008

- » Tekið er við umsóknum um grunnnám til 5. júní nk. Sótt er um rafrænt á www.hi.is
- » Umsóknarfrestur um framhaldsnám er breytilegur milli deilda. Sótt er um á vefsíðum deilda. Sjávar nánar á www.hi.is
- » Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi á þjónustuborði Háskólatorgs alla virka daga.

*M.v. niðurstöðu í könnun Gallup.



Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Öflugt ráðgjafarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi. Hluti af tengsla- og þekkingarneti PwC International um heim allan. Endurskoðun • Fyrirtækjaráðgjöf • Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Þjónustustöðvar: Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Keflavík

PRICEWATERHOUSECOOPERS